



Reykjavík, 20. janúar 2020
R20030063

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Minnisblað um aðgerðir vegna skýrslu um jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði

Þann 7. nóvember 2019, birti lögmannsstofan Réttur skýrsluna Jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði – Jafnir möguleikar innflytjenda til atvinnu hjá hinu opinbera. Skýrslan hefur verið kynnt víða og nú síðast á opnum fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs og fjölmeningarráðs þann 15. janúar 2019. Skýrslan er aðgengileg hér:

http://rettur.is/skyrsla-um-jafnretti-innflytjenda-a-atvinnumarkadi/?fbclid=IwAR2k9DvCu1HYla7p0okrf6aLsrsyXvPgnYG9xJDGgCTL6Gx6Frw_RMoqcZs

Því miður tók mannauðsdeild Reykjavíkurborgar ekki þátt í könnun þeirri sem skýrslan byggir á. Ákveðin vinna fór af stað við að afla gagna, en það reyndist erfitt vegna þess hversu stór vinnustaður borgin er og starfsmönnum borgarinnar ber ekki skylda til að skilgreina uppruna sinn. Einnig vegna persónuverndarsjónarmiða sem oft hafa staðið í vegi fyrir því að afla tölulegra upplýsingar af þessu tagi. Reykjavíkurborg í heild sinni skilaði því ekki svörum við vinnu skýrslunnar. Eftir birtingu skýrslunnar hafa farið fram nokkrir fundir með þátttöku fulltrúa mannauðs og starfsþróunarsvið og formanni sem og starfsmanni fjölmeningarráðs.

Lögð var fram eftirfarandi bókun á sameiginlegum fundi mannréttinda , nýsköpunar- og lýðræðisráð og fjölmeningarráðs þann 15. janúar 2020:

Við þökkum fyrir kynninguna og munum vinna úr niðurstöðum og tillögum rannsóknarinnar.

Punktur inn í umræðuna

- Lykilspurning úr skýrslunni:

„Hafa innflytjendur raunhæfa möguleika og jöfn tækifæri til atvinnuþátttöku innan stjórnsýslunnar og hjá hinu opinbera, að teknu tilliti til núverandi lagaumhverfis og atvinnustefnu stjórnvalda?“

- Úr stefnumótun Reykjavíkurborgar:

Leiðarljós í Mannauðstefnu: Með samræmdri borg er átt við að Reykjavíkurborg sé einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Slíkt birtist í samræmdu verklagi og úrvinnslu mannauðsmála hjá borginni, öflugri liðsheild og stuttum boðleiðum til miðlunar upplýsinga. <https://reykjavik.is/mannaudsstefna>

- Fjölmenningaryfirlýsing:

Við fögnum fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra.

Við viljum að innflytjendur geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa og að þeir þekki réttindi sín.

Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu.

Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar. Þegar hver og einn fær tækifæri að njóta hæfileika sinna og sköpunarkrafta til fulls, þá græðum við öll á því. (<https://reykjavik.is/frettir/borgarstjorn-fagnar-fjolmenningunni>)

- Stefna um málefni innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018-2022:

Til þess að þjóna fjölmenningarlegu samfélagi hefur Reykjavíkurborg fólk af ólíkum uppruna í röðum starfsfólks. Þekking og menntun innflytjenda er metin að verðleikum. Fólk með fjölbreytta tungumálakunnáttu er ráðið til starfa og innflytjendur eru í fjölbreyttum störfum hjá borginni, þar með talið áhrifastöðum.

(https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/stefna_reykjavikurborgar_i_malefnum_innflytjenda_og_flottamanna.pdf)

- Mannréttindastefna (<https://reykjavik.is/mannrettindastefna-reykjavikurborgar-1>)

Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi

9.2.1 Í auglýsingum borgarinnar er vakin athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að Reykjavíkurborg vinni gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetji innflytjendur og aðra hópa sem stefnan nær yfir til að sækja um störf.

9.2.2 Fólk af erlendum uppruna skal njóta jafnréttis í hvívetna í ráðningarferli og í öllum kjörum og réttindum. Það skal njóta hæfni sinnar og fá störf í samræmi við hana. Fólk af erlendum uppruna sem sækir um starf hjá borginni, eða starfar þar nú þegar, nýtur leiðsagnar við að meta þá menntun sem það hefur aflað sér.

Áhugaverð ábending úr skýrslunni:

„Stefnumótun getur skapað hindranir ef stefnan staðsetir innflytjendamál sem velferðamál, ekki jafnréttismál!

Nauðsynlegt er að skoða hvaða sértækir aðgerðir (*positive measures*) Reykjavíkurborg getur innleitt sbr. gildandi stefnumótun og lagaumhverfi. Horft er hér til jafnréttislaga þar sem tímabundnar aðgerðir eru skilgreindar á þann hátt að ef á annað kynið hallar er heimild að veita forgang en sama gildir nú skv. nýju lögum sem tóku gildi 1. september 2018 (2. mgr. 11. gr. laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði) sem „heimilar stjórnvöldum til að grípa til sértækra tímabundinna aðgerða til að bæta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði á þeim sviðum

þar sem á þá hallar vegna einhverra þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 1. gr. (kynþáttur, þjóðernisuppruni, trú, lífsskoðun, fötlun, skert starfsgeta, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáning) í því skyni að stuðla að jafnri meðferð á vinnumarkaði. Markmið þessa laganna er sem sagt að tryggja ekki eingöngu lagalegt jafnræði heldur jafnræði í raun.“

Mikilvægar tilvitnanir og kaflar úr skýrslunni:

„Ísland er eftirbátur annarra Norðurlanda varðandi sértækar aðgerðir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að á hinum Norðurlöndunum hafa stjórnvöld og ýmis sveitafélög gripið til sértækra aðgerða, ýmist tímabundinna eða varanlegra til að tryggja aðlögun innflytjenda bæði að hinum almenna og opinbera vinnumarkaði. Þessar aðgerðir taka jafnframt til annarrar kynslóðar innflytjenda og í því samhengi má nefna að rannsóknir sýna að önnur kynslóð innflytjenda í Svíþjóð er líkleg til að starfa hjá hinu opinbera. Íslandi virðist hins vegar töluverður eftirbátur nágrannaríkja sinna, þegar litið er til MIPEX einkunnar ríkjanna frá 2015, þeirra heildstæðu aðgerðaráætlana varðandi aðlögun innflytjenda sem hafa gilt í meira en áratug á Norðurlöndunum og hinna sértæku aðgerða til að tryggja jafnrétti innflytjenda á atvinnumarkaði sem ríkin hafa gripið til.“

„Aðlögun að atvinnumarkaði er ekki bara velferðarmál heldur jafnréttismál. Helstu skjöl íslenskra stjórnvalda í þessum málaflokki gefa til kynna að atvinnuþátttaka innflytjenda sé fremur velferðarmál heldur en jafnréttismál sem samrýmist ekki 65. gr. stjórnarskrár Íslands. Í aðgerðum sínum sem stuðla að aðlögun innflytjenda hefur mikil áhersla verið lögð á þjónustubörf innflytjenda í stað aðgengi innflytjenda með sérfræðipækkingu að atvinnumarkaði. Þannig virðast stjórnvöld fremur líta á innflytjendur sem þjónustuþega en þjónustuveitendur án þess að tryggja jafnvægi milli raunverulegrar þjónustuþarfar innflytjenda og möguleika þeirra til þess að veita þjónustuna sjálfir hjá hinu opinbera. Ekki er hægt að útiloka að þessi sýn kunnri að hafa ómeðvituð áhrif á ráðningar innflytjenda hjá hinu opinbera.“

Skýrslan setur fram nokkrar tillögur til úrbóta sem eru hér staðfærðar fyrir

Reykjavíkurborg:

Tillaga	Athugasemd frá Mannauðs og starfsþróunsviði
Einstaklingar með ráðningarvald innan borgarkerfisins fari í símenntun í menningarlausni og stefnumótun borgarinnar í þessum málaflokki	Getum gert strax, þarf að búa til námsefni.
Starfsauglýsingar innihalda sérstaka hvatningu til innflytjenda að sækja um (nú þegar í stefnumótun hjá Eyþingi)	Þarf stefnumótandi ákvörðun, ekki þörf á fjármögnun en lögfræðimat.
Mannauðsdeildin veitir aðstoð við umsóknarferlið	Þarf að skýra ferlar, td. aðstoð við rafrænar umsóknir.
Aukin starfsþjálfun, endurmenntun og aðgang að starfstengdu námi	Þarf kostnaðarmat.
Borgin seti sér mælanleg markmið um fjölda eða hlutfall þeirra innflytjenda sem fá tækifæri til atvinnuviðtals	Þarf stefnumótandi ákvörðun, ekki þörf á fjármögnun.

Borgin seti sér markmið fyrir ráðningar umsækjenda með erlendan bakgrunn og setur fram aðgerðaráætlun um það hvernig þessum markmiðum verður náð. Skýrslur þarf að skila árlega um árangur þessara aðgerða	Þarf stefnumótandi ákvörðun, ekki þörf á fjármögnun.
Borgin skilgreinir forsendur forgang ef umsækjendur eru metnir nokkurn veginn jafnhæfir	Þarf stefnumótandi ákvörðun, ekki þörf á fjármögnun en lögfræðimat.
Þegar innflytjendur eru ráðnir er mikilvægt að halda vel utan um allan starfshóp og þörf á jákvæðri breytingarstjórn.	Gera strax, ábyrgð hjá Mannauðs og starfsþróunsviði
Bæta íslenskukennslu til útlendinga, taka út hvernig það nýtist og hvernig þurfti að styðja betur við starfsfólk ofar grunnnáminu, stuðning við textaskrif, etc., bæta í starfstengd íslenskunám	Þarf könnun og kostnaðarmat
Vinnan við innleiðingu Evrópuramma um tungumálaviðmiðin A1-C2 vegna kröfu um íslenskukunnáttu bæði í starfslýsingum og við ráðningar er komin langt á veg. Samt sem áður þarf að fylgja þessu eftir. starfstengd best, við vitum það, bara spurning um styrkja eða skylda	Hafin
Skýr leiðbeining/fyrirmæli um að þurfa ávallt rökstyðja kröfu um kunnáttu í Norðurlandamáli sem felur annars mismunun gagnvart innflytjendum og hefur fælingaráhrif	Gera strax, en sterkara væri að taka stefnumótandi ákvörðun, ekki þörf á fjármögnun
Sérstakt námskeið í stjórnslurétti	?
brúarnámskeið til að einfalda möguleika innflytjenda til öðlast viðeigandi starfsréttindi	Hér þarf að taka samtal við sviðin, þetta þarf að skilgreina fyrir hvert starf
Aðgerðir sem taka sérstakt tillit til stöðu kvenna af erlendum uppruna á atvinnumarkaði	Þarf að skoða betur
Aðgerðir til að tryggja framkvæmd laganna um mismunun, t.d. upplýsingagjöf um tilvist laganna fyrir innflytjendur, getur líka nýst öðrum sem þetta mismununarlöggjöf tekur til.	Gera strax, til þeirra sem fara með ráðningarvald, upplýsingar þurfa aðallega að fara til þeirra sem eru með ráðningarvald

